**Fundargerð**

**Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 1. mars 2023.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.18.00.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Sylvía Ósk Speight og Aðalbjörg Óladóttir.
Forföll: Viðar Halldórsson og Már Sveinbjörnsson.

**<u>Dagskrá:</u>**

1. **Tímaúthlutunarreglur – endurskoðun**
   Reglurnar samþykktar óbreyttar.

2. **Tímaúthlutunarnefnd 2023 – 2024**
   Farið yfir tillögu að félögum sem þurfa að eiga fulltrúa í nefndinni. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að hafa samband við eftirtalin félög, Fimleikafélagið Björk, Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagið Haukar, Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Bogfimifélagið Hrói Höttur, Blakfélag Hafnarfjarðar og bjóða þeim að tilnefna fulltrúa í nefndina.

3. **Erasmus + – starfsspeglun og þátttökuathugun – tillögur að samstarfsaðilum**
   Tillögur að heimsóknum og samstarfsaðilum ræddar. Framkvæmdastjóra falið að vinna verkefnið áfram.

4. **53. þing ÍBH – undirbúningur**
   Tillögur og mál fyrir þingið rædd. Farið yfir drög að starfsmannalista og skoðunarmönnum reikninga.

5. **Bogfimiþing 11. mars 2023 Íþróttamiðstöðinni í Laugardal Reykjavík**
   Lagt fram til kynningar.

6. **Körfuknattleiksþing 25. mars 2023 Laugardalshöll Reykjavík**
   Lagt fram til kynningar.

7. **Erindi frá STEF til sérsambanda og íþróttafélaga**
   Bréf frá ÍSÍ dagsett 8. febrúar 2023, lagt fram til kynningar. Íþróttafélög og sérsambönd beðin um aðhafast ekkert frekar í málinu fyrr en nánari upplýsingar berast frá ÍSÍ.

8. **Sérstakur sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótta- og tómstundastarfi árið 2022**
   Úthlutanir úr sjóðnum árið 2022 lagðar fram til kynningar. Aðildarfélög ÍBH hvött til að kynna sér sjóðinn.

9. **Ársþing Akstursíþróttasambands Íslands verður haldið 18. mars 2023 í sal Ármúla 1, Reykjavík**
   Lagt fram til kynningar.

10. **Sundþing verður haldið 27. apríl 2023 í húsakynnum ÍSÍ við Engjaveg Reykjavík**
    Lagt fram til kynningar.

11. **Afrekssjóður ÍBH 2022**
    Farið yfir úthlutanir úr sjóðnum árið 2022, tekjur, eignastöðu og tekjuáætlun fyrir árið 2023.

12. **Breytingar á reglugerð Afrekssjóðs ÍBH 2023**
    Á fundi stjórnar Afrekssjóðs ÍBH 15. febrúar 2023 voru samþykktar breytingar á reglugerðinni sem sjóðurinn starfar eftir. Breytingarnar tóku gildi fyrir ferðir sem voru farnar frá 1. janúar 2023. Breytingarnar náðu eingöngu til hækkunar upphæða. Reglugerðina er hægt að nálgast á heimasíðu ÍBH,
    Afrekssjóður ÍBH | ÍBH (ibh.is).

13. **Önnur mál**
    Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.